

Nefndasvið Alþingis
B.t. velferðarnefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. marz 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku (165. mál)

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, 165. máls á þingskjali 239.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er málið nú lagt fram þriðja sinni á Alþingi og hefur greinargerð þess verið endurbætt. Félag atvinnurekenda getur tekið undir ýmislegt af því sem fram kemur í henni, eins og að Ísland kemur að mörgu leyti illa út úr alþjóðlegum samanburði á lengd heildarvinnutíma, framleiðni vinnuafls og lengd frítíma. FA tekur undir að það er æskilegt markmið að stytta vinnutíma íslenskra launþega, ekki sízt karla, og bæta framleiðni.

Félagið hefur hins vegar ekki skipt um skoðun frá því að það gaf umsögn um fyrri gerðir frumvarpsins og ítrekar þá afstöðu að vinnutími verði ekki stytur með lagaboði frá Alþingi. 75. grein stjórnarskrárinnar tryggir mönnum rétt til að semja um starfskjör sín og réttindi tengd vinnu. FA hefur í fyrri umsögnum bent á að með lagasetningu af þessu tagi væri Alþingi í raun að ákveða umtalsverða hækkun launakostnaðar atvinnurekenda.

Flutningsmenn virðast áfram haldnir þeirri meinloku að með því að stytta dagvinnutíma með lagaboði sé hægt að auka framleiðni og stytta vinnutíma. Verkefnið er langtum flóknara en svo og krefst breytinga í skipulagi, stjórnun og vinnufyrirkomulagi á vinnustöðum, sem eðlilegt er og nauðsynlegt að sé að talsverðu leyti samningsatriði milli vinnuveitenda og launþega. Það er ákaflega hæpið, svo vægt sé tekið til orða, að tengja breytingar á launum, vinnutíma og framleiðni á nærri hálfri aldar tímabili við lagasetningu um 40 stunda vinnuviku árið 1971. Þar ráða aðrir orsakabættir langmestu.

Í greinargerð frumvarpsins er brugðizt við fyrri athugasemdum FA og fleiri samtaka fyrirtækja við fyrri frumvörp: „Það sem frumvarpið gerir er bara að skilgreina hversu margir dagvinnutímar skuli teljast á dag og samtals á viku. Atvinnurekendur og launþegar hafa enn fullan rétt til þess að semja um kaup sín og kjör.“ Síðar í greinargerðinni kemur hins vegar fram að áhrif þess að frumvarpið næði fram að ganga yrðu þau að „[a]ð öllu öðru óbreyttu ætti starfsmaður sem vinnur áfram átta tíma á dag því að hækka í launum sem neumur um það bil korters vinnu.“ Þar með viðurkenna flutningsmenn það sem þeir höfnuðu fáeinum línum framar; að þeir vilja í raun að Alþingi grípi fram fyrir hendur aðila vinnumarkaðarins og hækki launakostnað atvinnurekenda.

FA ítrekar að félagið telur æskilegt markmið að stytta vinnutíma og hefur velt upp hugmyndum þar um. Það er engu að síður áfram afstaða FA að það verkefni eigi heima hjá aðilum vinnumarkaðarins, en Alþingi geti ekki tekið að sér að stytta vinnutíma Íslendinga og bæta framleiðni í fyrirtækjum með einu pennastriki.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri við þingnefndina frekari athugasemdum og upplýsingum. Þá er félagið reiðubúið að funda um málið.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA